



Megin hlutverk Félags atvinnurekenda er að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart hinu opinbera og hafa áhrif á vöxt og viðgang þeirra greina sem félagsmenn starfa innan. Félagið sinnir þessu hlutverki m.a. með umsögnum um lagafrumvörp og reglugerðir með því að funda með fulltrúum ráðuneyta, þingmanna og stofnana hins opinbera.

Lögfræðipjónusta FA hefur á undanförunum árum orðið einn mikilvægasti hlekkur í starfsemi félagsins. Félagsmenn leita til lögfræðinga FA með ýmist stór mál eða smá og er það einbeittur vilji lögfræðisviðs FA að veita ávallt bestu mögulegu aðstoð sem völ er á. Þjónusta FA á lögfræðisviði felst m.a. í ráðgjöf og stuðningi í viðskiptum. Árið 2011 stækkaði þjónustusvið FA þegar Páll Rúnar lögmaður FA hóf að reka mál fyrir dómi fyrir félagsmenn. Á fyrsta árinu rak Páll Rúnar nokkur dómsmál fyrir félagsmenn. Sú breyting á lögfræðipjónustu fyrir félagsmenn gafst vel og var mikil ánægja meðal félagsmanna. Árið 2012 stækkaði lögfræðisvið FA enn frekar þegar Björg Ásta Þórðardóttir hóf störf og hefur hún sinnt hagsmunabaráttu með áherslu á sviði tollamála.

Árið 2012 var gott ár og má merkja aukinnar bjartsýni og jákvæðni í atvinnulífinu og meðal félagsmanna. Fleiri nýir félagsmenn gengu í raðir FA og var þeim tekið fagnandi. Starfsfólk Félags atvinnurekenda vann að ýmsum málum fyrir félagsmenn sína og er stiklað á stóru um helstu baráttumál ársins 2012 í þessu riti. Stærstu málin voru t.d.

- FA gagnrýndi áfengisfrumvarp um hert auglýsingabann og fór óhefðbundnar leiðir til þess. Lesa má um málið á **bls. 4-5**.
- Gerð var könnun um heimabrygg og smygl eftir miklar hækkanir á áfengisgjöldum í kjölfar hrunsins. Niðurstöðurnar má sjá á **bls. 5** og eru þær mjög áhugaverðar.
- Frumvarp liggur fyrir á Alþingi um vörugjöld á matvæli eða sykurskatt eins og þau eru almennt kölluð. FA telur þetta ómarkvissa leið og má lesa um málið á **bls. 8**.
- Baráttan um flýtimeðferð á endurútreikningum á ólöglegum gengistryggðum lánnum, en umfjöllun um það mál má sjá á **bls. 10**.

Félag atvinnurekenda lét til sín taka á fleiri vígstöðum eins og barátta við tollinn um gjöld á einnota latexhönskum og reglugerð um greiðslubátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum og reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun. Starfsfólk FA hefur einnig sent inn greinar til fjölmiðla sem vakið hafa verðskuldaða athygli. Þær greinar má sjá í riti þessu á **bls. 11**.

Félag atvinnurekenda lét einnig framkvæma könnun fyrir sig meðal félagsmanna þar sem hin ýmsu málefni voru könnuð. Niðurstöður könnunarinnar er hægt að skoða á **bls. 16-18**.

Á árinu 2012 fjölgaði í hópi starfsfólks Félags atvinnurekenda og hefur félagði útvíkkað starfsemi sína. Félagið lét útbúa nýja og aðgengilegri heimasíðu ásamt því að opna Facebook síðu þar sem félagsmenn geta fylgst með bæði fréttum og atburðum félagsins. Hin frábæru námskeið voru á sínum stað og voru vel sótt ásamt því að reglulegir og vel heppnaðir félagsfundir voru haldnir á árinu.

Félag atvinnurekenda þakkar fyrir sig árið 2012 og hlakkar til að takast á við ný og spennandi verkefni á árinu 2013.

#### Í stjórn FA sitja:

Margrét Guðmundsdóttir, formaður. Forstjóri Icepharma

Ólafur Ó. Johnson, varaformaður. Framkvæmdastjóri O. Johnson & Kaaber

Birgir S. Bjarnson. Framkvæmdastjóri Íslensku umboðssöllumnar

Anna Svava Sverrisdóttir. Fjármálastjóri Fíton

Friðrik Ingi Friðriksson. Framkvæmdastjóri Aflvéla

Halldór Haraldsson. Framkvæmdastjóri Smith & Norland

#### Starfsfólk FA er:

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Bjarndís Lárusdóttir, skrifstofustjóri

Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur

Páll Rúnar M. Kristjánsson, hdl, lögmaður

Rakel Dögg Bragadóttir, hagfræðingur



## „OKKUR TÓKST AÐ BREYTA NAFNI OG ÁSÝND FÉLAGSINS“

Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, hefur gegnt embætti formanns stjórnar FA síðastliðin fjögur ár. Hún er reyndur stjórnandi sem þekkir þarfir atvinnulífsins vel. Hún hefur látið til sín taka í félagsmálum á ýmsum vettvangi auk stjórnarformennsku hjá FA. Það er forvitnilegt að fá álit hennar á starfsemi félagsins undanfarin ár sem hafa verið viðburðarík.

### Hver er forsagan að því að þú komst inn í stjórn félagsins?

„Það má eiginlega segja að ég hafi komið að félaginu fyrir tilviljun. Eftir að sameining FÍS og SVP var felld á aðalfundi FÍS 2008 þá var farið þess á leit við mig að ég byði mig fram í stjórn félagsins. Ég stóð fyrir utan þessa hópa sem mest höfðu tekist á og því var sennilega litið á mig sem óháðan einstakling. Ég var ekki tilbúin til þess, en bauð fram krafta mína til að vinna með stjórn að stefnumótun fyrir félagið sem nú stæði á ákveðnum tímamótum. Sú vinna var unnin í litlum hópi, Bogi Siguroddsson, Þröstur Olaf Sigurjónsson frá HR og ég. Þetta var mjög ánægjuleg vinna og þarna kynntist ég innviðum félagsins vel. Svo kom hrúnið og þá var þrýst á mig að gefa áfram kost á mér til formanns og sjá til þess að innleiða þá stefnumótun sem við höfðum unnið að. Þannig hófst þetta allt saman.“

### En hver er ástæðan fyrir því að þú hættir nú sem formaður?

„Samkvæmt samþykktum félagsins má formaður bara sitja í 2 kjörtímabil eða í 4 ár alls. Ég var nú farin að hafa áhyggjur af því að enginn virtist ætla að bjóða sig fram í stjórn og var farin að hugsa alls kyns „Pútín fléttur“ til að geta haldið áfram! Ég er hins vegar mjög ánægð með að Birgir Bjarnason taki við af mér, sem nú liggur ljóst fyrir. Hann er reynslubolti og er sá okkar sem hefur setið lengst í stjórn FA.“

### Hvað ertu ánægðust með í þróun félagsins á þessum fjórum árum?

„Það er margt sem ég er ánægð með. Ég vil byrja á því að nefna starfsfólkið okkar sem er algjörlega til fyrirmyndar

og ég hef haft einkar mikla ánægju af því að starfa með því. Það býr yfir mikilli þekkingu, hæfileikum og metnaði til að ná árangri. Það næsta sem mér finnst standa upp úr er að okkur tókst að breyta nafni og ásýnd félagsins, en sú umræða hafði verið lengi í gangi og margir hræddir við að stíga þau spor. Ég held að það hafi verið farsæl breyting og við höfum fengið jákvæða athygli í framhaldinu.“

### Hver eru næstu skrefin í þróun félagsins að þínu mati?

„Ég tel að næstu skref séu að fjölga meðlimum. Við eigum ákveðið inni þar og þó félögum hafi fjölgað nokkuð á sl. 4 árum þá eigum við pláss fyrir fleiri. Við erum með alla innviði í lagi til að geta tekist á við það verkefni.“

### Nú hefur Icepharma verið lengi aðili að FA. Hvernig nýtir fyrirtækið sér þjónustu félagsins?

„Við höfum verið mjög ánægð með okkar aðild. Við höfum nýtt okkur hagfræðiupplýsingar og greiningar á íslensku efnahagslífi í kynningum okkar hjá birgjum. Lögfræðiþjónustan hefur stutt okkur í samningum og opinberum innkaupum. Margt af okkar starfsfólki hefur tekið þátt í námskeiðum og við höfum líka mætt ágætlega á þá félagsfundi sem FA hefur boðið upp á. Við verðum vonandi áfram einn af traustum aðildarfyrirtækjum í baklandi félagsins.“



Margrét Guðmundsdóttir  
Formaður Félags atvinnurekenda

**Nú fékkstu nýlega viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA). Hvert er gildi þeirra í þínum augum? Hvernig stjórnandi er Margrét?**

„Svona viðurkenningar eins og FKA verðlaunin skipta alltaf máli. Það er ákveðin viðurkenning á Icepharma og því starfsfólki sem þar vinnur. Forstjóri verður aldrei góður forstjóri ef liðið vinnur ekki sem heild. Fyrir birgjana okkar er þetta ákveðin staðfesting á því að við stöndum fyrir góða hluti, en okkar geiri er mjög viðkvæmur fyrir því ef hlutirnir eru ekki allir í lagi. Ég tel mig vera ábyrgan stjórnanda, upplýsandi, leiðandi og tilbúin að gefa fólki tækifæri. Ég hef trú á gagnkvæmri virðingu og heiðarleika í starfi. Mér hefur alltaf fundist gaman að vera stjórnandi þar sem ég hef áhuga á fólki og fæ heilmikið út úr því að velja mér gott teymi og sjá ungt fólk vaxa og dafna í starfi.“

**Hver eru mikilvægustu málin fyrir viðskiptalífið á næstu 3-5 árum og hvers vegna?**


„Að aflétta gjaldeyrishöftunum og koma okkur í eðlileg samskipti við löndin í kringum okkur. Ég hef áhyggjur af því að stjórnvöld, andstætt því sem gerist í löndunum í kringum okkur, virðast hafa lítinn áhuga á viðskipta- og atvinnulífinu. Það þarf meiri áhuga og kraft í viðfangsefni sem tengjast samkeppnishæfni og þar með framtíð Íslands.“

„Við hjá Fíton erum mjög ánægð með starfsemi og þjónustu FA. FA er öflug talpípa ýmissa hagsmuna- og baráttumála sem skipta starfsemi okkar miklu. Nefna má t.d. að vekja athygli á ýmsu óréttlæti í íslensku viðskiptaumhverfi, sbr. löggjöf í kringum áfengisauðglýsingar. Við höfum nýtt okkur lögfræðiþjónustuna, sem er sérlega aðgengileg og höfum við fengið skjót og greinargóð svör við spurningum sem á okkur hafa brunnið, t.d. varðandi vörumerkjavernd, samningamál og starfsmanna- og kjaramál. FA stendur fyrir ýmsum námskeiðum og félagsfundum um margvísleg áhugaverð málefni. Það höfum við iðulega nýtt okkur til fróðleiks og ánægju. Síðast en ekki síst er allt starfsfólk FA til þjónustu reiðubúið og gott að koma til þeirra, hvort sem er á SÍA fundi eða með önnur erindi. Við erum mjög ánægð með það að SÍA gerðist samstarfsaðili FA og að Fíton skyldi í kjölfarið ganga í félagið.“

**Anna Svava Sverrisdóttir, fjármálastjóri Fíton.**

**MIKIL ÁNÆGJA MEÐAL FÉLAGSMANNA**

Í könnun meðal félagsmanna kom í ljós að gríðarleg ánægja er með lögfræðiþjónustu félagsins en 92% telja hana mikilvægan hluta þjónustuframboðsins og 83% félagsmanna eru ánægðir með starf FA í heild sinni. Aftur á móti þarf að efla og kynna betur hópastarf innan félagsins miðað við niðurstöður könnunarinnar.



„Parlogis hefur nýtt sér þjónustu Félags atvinnurekenda með margvíslegum hætti undanfarin ár. Starfsfólk hefur sótt hin ýmsu námskeið sem hafa verið í boði auk þess sem stjórnendur hafa nýtt sér lögfræðiþjónustu félagsins.“

Við höfum verið afar ánægð með þá faglegu ráðgjöf sem við höfum fengið hjá því hæfa starfsfólki sem starfar á skrifstofu félagsins.“

**Guðný Rósa Þorvarðardóttir, forstjóri Parlogis.**



## ÁFENGISAUGLÝSINGAR - RAUNHÆFAR TILLÖGUR

Á yfirstandandi þingi liggur fyrir frumvarp um hert bann við áfengisauglýsingum. Þetta er jafnframt þriðja þingið í röð þar sem frumvarpið er lagt til. Líkt og áður gagnrýnir Félag atvinnurekenda frumvarpið og leggur til að í staðinn verði áfengisauglýsingar leyfðar en með afar ströngum skilyrðum. FA fór óhefðbundnar leiðir til að koma málstað sínum á framfæri og lét útbúa myndbönd þar sem helstu staðreyndir og tölfræði koma fram. Myndböndin voru gerð í samstarfi við markaðs- og framleiðslufyrirtækið Tjarnargatan og hlutu mikla eftirtekt á samfélagsmiðlum og netmiðlum.

Félag atvinnurekenda telur að frumvarpið takmarki með ólögum hætti rétt neytenda til upplýsinga um löglega neysluvöru, svo og stjórnarskrárvárið tjáningarfrelsi auglýsenda. Engar sannanir liggja fyrir um að áfengisauglýsingabann geti dregið úr skaðlegum afleiðingum áfengisneyslu. Í þeim efnum skipta aðrir þættir máli.

Félag atvinnurekenda telur mun raunhæfara að leyfa áfengisauglýsingar með miklum takmörkunum, líkt og flest Norðurlöndin gera. Félagið hefur sett saman tillögur um slíkt regluverk, byggt á sambærilegum sænskum reglum, þar sem m.a. er lögð áhersla á skýra ábyrgð áfengisframleiðenda og -innflytjenda á auglýsingum sem fara á svig við umræddar reglur. Þessar tillögur eru jafnframt í anda tillagna starfshóps fjármálaráðuneytis sem komu fram í janúar 2010.

Hófstilltum áfengisauglýsingum er m.a. ætlað að tryggja jafnræði innlendrar bjórframleiðslu gagnvart innflutningi erlendis frá. Íslendingar hafa nær ótakmarkaðan aðgang að erlendum fjölmiðlum, hvort sem er sjónvarpi, prentmiðlum eða netmiðlum. Erlendar bjóraglýsingar eru mjög áberandi í þessum miðlum. Ef hvergi má nefna íslensk vörumerki á nafn í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir milli bjórtegunda fer sá iðnaður hratt halloka. Um 170 manns um allt land hafa atvinnu af framleiðslu og sölu á íslenskum bjór.

### Vilja leyfa áfengisauglýsingar visir.is 01. nóvember 2012

Félag atvinnurekenda vill að áfengisauglýsingar séu að meginreglu heimilar en þó með ströngum takmörkunum. Félagið sendi Alþingi umsögn um fyrirhugaðar breytingar á áfengislögum sem miða að því að skýra bann við áfengisauglýsingum. Eins og fjallað hefur verið um á Vísi og í Fréttablaðinu hefur mikið borið á áfengisauglýsingum síðustu misseri þrátt fyrir að þær séu í orði kveðnu ólöglegar. Með breytingum á áfengislögum stendur til að herða bannið gegn slíkum auglýsingum, m.a. með því að gera auglýsingar ólöglegar á léttöli í sambærilegum umbúðum og áfengur bjór. Félag atvinnurekenda telur að það frumvarp sé haldið verulegum annmörkunum. Auglýsingabannið er talið óraunhæft og erfitt í framkvæmt og þykir auk þess þrjúta gegn stjórnarskrárbundnu tjáningarfrelsi og stjórnskipulegri meðalhöfsreglu.

### Áfengisauglýsingar að meginreglu heimilar


Félagið vill að áfengisauglýsingar séu almennt leyfðar en þó með skýrum takmörkunum. „Það yrði að útfæra þær nánar en t.d. mætti kannski sýna bjór og bjórmerki í auglýsingunum en ekki tengja það við ánægjulega upplifun eða gleði,“ segir Björg. Félagið leggst því gegn því að bann við áfengisauglýsingum sé hert.

BANN VIÐ ÁFENGISAUGLÝSINGUM  
DREGUR EKKI ÚR NEYSLU ÁFENGIS  
NE MISNOTKUN

# BRUGGIÐ HELLIST YFIR LANDANN

Félag atvinnurekenda hefur lengi kallað eftir heildstæðri áfengisstefnu frá stjórnvöldum í ljósi þess að áfengisgjöld hafi verið hækkuð mjög undanfarin ár. Frá árinu 2008 hefur áfengisgjaldið hækkað um nærri 50%. Hækkun áfengisgjalda er stundum réttlætt sem lýðheilsuþætti en ef neyslan færir út fyrir markaðinn næst það markmið ekki. Félag atvinnurekenda hefur haldið því fram að þrátt fyrir að sala áfengis í ÁTVR hafi minnkað hafi heildarneyslan ekki gert slíkt hið sama. Neysla sterkra vína hefur að líkindum minnkað eitthvað en sennilegast hefur mikil tilfærsla orðið yfir í smyglað sterkt vín og heimabrudd.

frá hrúni. Samskonar könnun var framkvæmd árið 2011 en þá höfðu um 22% aðspurðra orðið varir við mikla eða nokkra aukningu. Ef aldurshópurinn 18-29 ára er skoðaður sérstaklega eykst þetta hlutfall til muna en um 48% þeirra hafa orðið varir við mikla eða nokkra aukningu á heimabruddi eða smygli.



- Hafa breytt kauphegðun
- Hafa ekki breytt kauphegðun

## Bruggið hellist yfir landann

Helmingur námsmanna á landsi verður meira var við heimabrudd og smygl nú en fyrir hrúni. Hlutfallið hefur hækkað frá því í fyrri. Sala á sterku víni í ÁTVR hefur minnkað um 40 prósent. FA kallar eftir aðgerðum.

**40%** minni sala



230 þúsund lítrar af sterku víni seld árið 2012.

27% þúsund lítrar af sterku víni seld árið 2008.

Stærstu aukningu á heimabruddi eða smygli sýna 18-29 ára hópurinn og þeir sem hafa verið varir við mikla eða nokkra aukningu. Aukningu á heimabruddi eða smygli sýna 18-29 ára hópurinn og þeir sem hafa verið varir við mikla eða nokkra aukningu. Aukningu á heimabruddi eða smygli sýna 18-29 ára hópurinn og þeir sem hafa verið varir við mikla eða nokkra aukningu.

Þar eru tapaðar skatttekjur. Tollurinn áætlað að 26 þúsund lítrum af sterku víni sé smyglað á ári (11% af sölu ÁTVR). Heimabrudd er eflaust hærri tala. Það eru engin rök fyrir því að hækka áfengisgjöld á meðan þetta er staðan. Ljóst er að ríkið verður árlega af hundruðum milljóna í skatttekjur vegna ólöglegs áfengis og kannabiseftna. Það er tímabært að endurskoða skattlagningu allrar neyslu á áfengi í landinu, ekki bara opinberrar neyslu.

FA fékk MMR til að framkvæma könnun fyrir sig í nóvember 2012 þar sem aðspurðir svöruðu spurningum um heimabrudd og smygl. Um 31% aðspurðra höfðu orðið varir við mikla eða nokkra aukningu á heimabruddi eða smygli



Skjámyndir úr myndböndunum sem FA gerði í samstarfi við Tjarnargötuna og vöktu mikla athygli. Myndböndin eru að finna á heimasíðu félagsins: [www.atvinnurekendur.is](http://www.atvinnurekendur.is)



## STIKLUR ÚR STARFINU

### KÆRA SFÚ TIL SAMKEPPNISEFTIRLITSINS – SAMKEPPNISHINDRANIR Á ÍSLENSKUM FISKMÖRKUÐUM

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda, samstarfsfélag Félags atvinnurekenda, hefur lengi beitt sér fyrir heilbrigðri samkeppni á fiskmörkuðum Íslands. Í þeirri viðleitni leitaði félagið í maí 2011 til samkeppnisfirvalda þar sem kærð var háttsemi tiltekinna útgerðarfyrirtækja sem og krafist fjárhagslegs aðskilnaðar á milli útgerðar og fiskvinnslu fyrirtækja sem stunda bæði veiðar og vinnslu afla. Félagið hafði áður sent inn erindi sem laut að sama álitafni en án árangurs. Ekki voru þó lagðar árar í bát heldur haldið áfram að vinna að málefni sem SFÚ lætur sig miklu varða.

Samkeppniseftirlitið skilaði álitinu þann 19. nóvember 2012 og taldi að ekki hefði verið brotið gegn samkeppnislögum. Þrátt fyrir þá niðurstöðu benti eftirlitið á mikla beinbugi á núverandi fyrirkomulagi og beindi þeim tilmælum til atvinnuvega – og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir því að komið sé í veg fyrir samkeppnishindranir á umræddum markaði. Þó að niðurstaðan hafi ekki verið sú sem óskað var eftir, þá fékkst staðfesting af hálfu faglegs stjórnvalds að meinbugir eru á íslenskum fiskmörkuðum sem ber að bæta úr.



Þrátt fyrir þennan áfanga þá var ljóst að ganga þurfti enn lengra og hefur nú SFÚ, í samstarfi við Félag atvinnurekenda, áfrýjað hluta af málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þar sem beðið er úrlausnar. Að auki verður ofangreindum tilmælum til ráðherra fylgt eftir.

### TOLLFLOKKUN Á EINNOTA LATEXHÖNSKUM – ÚRSKURÐI TOLLSTJÓRA HNEKKT

Félag atvinnurekenda, og innflytjandi einnota latexhanska fyrir sjúkrastofnanir, beittu sér gegn úrskurði tollstjóra að endurákværða gjöld af innflutningi á umræddri vöru. Innflytjandinn tollflokkaði einnota skoðunarhanska sem hanska til skurðlækninga, þ.e. í tollnúmer 4015.1100 sem ber engan toll. Tollstjóri taldi hins vegar að tollflokka ætti hanskana í tollnúmer 4505.1909, sem ber 15% toll.

Ákvörðun tollstjóra var kærð til ríkistollanefndar og veitti lögmaður Félags atvinnurekenda málinu forstöðu. Ríkistollanefnd taldi að hvorugt tollnúmerið ætti við og tollflokka bæri vöruna í tollnúmer 4015.1901 sem ber heitið Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins. Það er ljóst að Vinnueftirlit ríkisins hefur ekki talið sér skylt að viðurkenna slíkar vörur og var því umrædd vara ekki viðurkennd af viðkomandi stofnun. Ríkistollanefnd vísaði af því tilefni í fyrri úrskurð sinn, nr. 13/2010 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lögformleg viðurkenning skoðunarstofu nægði svo unnt væri að tollflokka vöruna í tollnúmer 4015.1901. Það sama á við í umræddu máli. Ógilti því ríkistollanefnd úrskurð tollstjóra og niðurstaðan því sú að varan ber engan toll.

Félag atvinnurekenda fagnar úrskurði ríkistollanefndar enda er ljóst að miklir fjárhagslegir hagsmunir voru í húfi. Tollstjóri hefur heimild til að endurákværða aðflutningsgjöld allt að sex ár aftur í tímann og er því mikilvægt að rétt sé að slíkum ákvörðunum staðið. Félag atvinnurekenda hefur með góðum árangri beitt sér fyrir hönd félagsmanna sinna á sviði tollamála og þá sérstaklega í tengslum við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

### VÖRUGJÖLD LÖGÐ Á LÆKNINGATÆKI – UMSÖGN FÉLAGS ATVINNUREKENDA

Þann 13. september 2012 lagði velferðarráðherra fram í annað sinn frumvarp til breytinga á lögum um lækningatæki. Markmiðið með frumvarpinu er að styrkja og efla eftirlit með lækningatækjum á markaði með það að leiðarljósi að tryggja öryggi sjúklínga og annarra notenda lækningatækja. Samkvæmt frumvarpinu er m.a. fyrirhugað að taka svokallað eftirlitsgjald vegna markaðseftirlits með lækningatækjunum á markaði og slíkt gjald er þá í formi vörugjalds. Gjaldið yrði lagt á tiltekna vöruflokk, skilgreinda með tollskrárnúmerum, sem myndi síðan renna til Lyfjastofnunar sem hefur eftirlitið með höndum.

Félag atvinnurekenda fylgdist grannt með umræddu máli og lagði inn umsögn um frumvarpið og gerði þá aðallega tvær athugasemdir.

Í fyrsta lagi voru gerðar athugasemdir við að lögð væru vörugjöld á lækningatæki. Félag atvinnurekenda hefur margsinnis bent á þann annmarka sem fylgir slíkri gjalddöku þar sem hún einkennist af ógagnsæi og jafnvel misræmi á milli einstakra vöruliða.

Í öðru lagi þá gagnrýndi félagið það harðlega að ekki væri lögð meiri vinna í að afmarka hvaða tollflokkar innihéldu sannanlega lækningatæki og þá hvort mögulega væri lagt gjald á vörur sem heyrðu ekki undir eftirlitsskyldu Lyfjastofnunar.

Mikil andstaða var við frumvarpið á þinginu, m.a. á grundvelli sömu sjónarmiða og við lögðum fram og af því tilefni var frumvarpið sent aftur til nefndar.

Félag atvinnurekenda telur mikilvægt að vanda vel til lagasetningar, sérstaklega þegar auknar byrðar eru lagðar á atvinnurekendur og neytendur í landinu.



## GREIÐSLUÞÁTTAKA SJÚKRATRYGGINGA – AUKIN GREIÐSLUBYRÐI SJÚKRATRYGGÐRA

Þann 15. maí 2012 óskaði velferðarráðuneytið eftir umsögn Félags atvinnurekenda um drög að tveimur reglugerðum sem lúta að annars vegar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum og hins vegar að endurgreiðslu á umtalsverðum lyfja – og læknskostnaði.

Um var að ræða mikið hagsmunamál fyrir félagsmenn FA sem og sjúkratryggða þar sem fyrirkomulag greiðsluþátttöku skv. drögum yrði breytt til muna frá núverandi ástandi. Var því mikilvægt að vinna vel að málinu og koma með vel ígrundaðar athugasemdir við þau reglugerðardrög sem lágu fyrir. Helstu athugasemdir voru eftirfarandi:

1. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga, sem hefst eftir að heildarkostnaður lyfja hefur náð 22.500 kr., felur í sér mjög íþyngjandi ráðstöfun fyrir sjúkratryggða sem margir hverjir eru sökum veikinda sinna með mjög takmarkaðar tekjur.
2. Breytingarnar hafa í för með sér röskun á birgðastöðu smásöluáðila. Í stað þess að selja lyf í stærri skömmtum, eins og nú er gert, og draga þannig úr ferðum sjúkratryggðra til lyfsala, þá þurfa lyfsalar og framleiðendur að selja lyf í smærri skömmtum.
3. Greiðsluþátttaka á að miðast við hagkvæmstu pakkningarnar en FA telur að það þýði að í raun sé aðeins miðað við ódýrustu pakkningarnar. Þetta hefur í för mikið óhagræði fyrir sjúkratryggða sem og ójafnræði þeirra á milli. Jafnframt hefur markmiði reglunnar um lækkun lyfjaverðs verið náð og því óskiljanlegt að raskað sé jafnræði sjúkratryggðra með þessum hætti að ósekju.

Nýtt kerfi tekur gildi 4. maí og hafa fulltrúar FA fylgt málinu eftir.

## SIÐAREGLUR – UNDIRRITUN SAMNINGS UM SAMSKIPTI MILLI LÆKNA, LYFJAFYRIRTÆKJA OG INNFLYTJENDA LYFJA.

Félag atvinnurekenda hefur sterkan kjarna af félagsmönnum innan lyfjageirans og því fagnar félagið þeim áfanga sem náðist þann 23. janúar 2013, í Hörpu. Félag atvinnurekenda, ásamt Læknafélagi Íslands, Frumtökum og Samtökum verslunar og þjónustu undirrituðu samning um siðareglur.

Með samningnum voru staðfestar þær siðareglur sem lyfjafyrirtæki hafa fylgt í samskiptum sínum við lækna.

Samningurinn grundvallast á reglum sem hafa verið samþykktar af lyfjaiðnaðinum, félögum heilbrigðisstétta og sjúklingafélaga innan ESB og jafnframt EFPIA, Evrópusamtökum samtaka frumlyfjaframleiðenda.

Helstu efnisatriði samningsins eru m.a.:

1. Námsferðir eru festar í sessi til að tryggja áframhaldandi og nauðsynleg samskipti lyfjafyrirtækja og lækna.
2. Ákvæði um styrki til lækna til að sækja fræðslufundi
3. Óheimilt er að bjóða læknum fé eða gjafir fyrir lyfjakynningu og mega læknar heldur ekki fara fram á slíkt.

## AÐKOMA FÉLAGS ATVINNUREKENDA AÐ ÚTHLUTUN TOLLKVÓTA

Félag atvinnurekenda hefur beitt sér almennt fyrir réttmætum samkeppnisgrundvelli í íslensku atvinnulífi. Hluti af þeirri baráttu hefur verið að stuðla að jafnræði á milli innlendra framleiðenda og innflytjenda. Nýlega hefur starfssvið Félags atvinnurekenda víkkað út í þeim efnum og þar sem félagið hefur nú aðkomu að úthlutun á tollkvóta skv. lögum um framleiðslu og verðlagningu og sölu á búvörum. Umrædd breyting átti sér stað þann 28. desember 2012 þegar lögum var breytt til að koma m.a. til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis í álitinu nr. 6070/2010. Með breytingunni ber ráðgjafarnefnd um inn – og útflutnings landbúnaðarvara að óska eftir álitinu m.a. Félags atvinnurekenda þegar fyrirhugað er að úthluta tollkvóta. Jafnframt var framkvæmd úthlutunarinnar breytt með það að sjónarmiði að uppfylla kröfur lögætisreglunnar og takmarka frjálsar hendur ráðherra við úthlutun kvótans.

Félag atvinnurekenda telur mikilvægt að fá aðkomu að þessu máli þar sem félagsmenn FA hafa mikinn hag af því að vel sé staðið að þessum málaflokki. Þó er ljóst að vinna þarf að enn stærri málum varðandi frelsi í útflutningi landbúnaðarvara á næstu mánuðum.





## „SYKURSKATTUR“ – ÓMARKVISS VINNA LEIÐIR TIL ÓVIÐUNANDI NIÐURSTÖÐU

Umræður um breytingar á vörugjöldum voru áberandi í starfi FA árið 2012. Fulltrúar félagsins, Almar Guðmundsson og Páll Kristinsson (Smith & Norland) sátu hvor í sínum starfshópnum á vegum fjármálaráðherra, sem fjölluðu um málið.

Í framhaldi af vinnunni verða smávægilegar breytingar á almennum vörugjöldum en þó eru enn brotalamir í því kerfi og mismunur milli vörutegunda í samkeppni. Vörugjöld á matvælum voru þó meira í umræðunni enda hefur verið samþykkt að breyta þeim verulega undir merkjum manneldis og eru gjöldin orðin þekkt sem „sykurskattur“.

FA hefur mótmælt sykurskatti harðlega frá því málið kom fyrst fram og er hér að neðan stiklað á stóru í málf lutningi félagsins:

FA telur að vörugjöld séu einfaldlega úrelt fyrirkomulag sem sé flókið í framkvæmd. Álagning vörugjalda uppfyllir ekki markmið um gagnsæja, samræmda eða skilvirka skattheimtu. FA telur að afnema eigi öll vörugjöld í áföngum á tiltölulega skömmum tíma.

Niðurstaðan úr vinnu starfshópa fjármálaráðherra var vonbrigði. Engin framtíðarstefnumótun liggur fyrir eftir vinnuna. Lagt var upp með að álagning vörugjalda ætti að vera einföld, gagnsæ, samræmd og skilvirk og hlutlaus með tilliti til vöruvals. Þá var rætt um að leggja vörugjöld á með vísun í manneldissjónarmið (neyslustýringu) og vegna ýmissa ytri áhrifa (t.d. umhverfis- eða öryggissjónarmið). Ofuráhersla var lögð á manneldismarkmið en önnur brýn málefni voru varla rædd að gagni. Niðurstaðan var sú að allir aðilar utan fulltrúa ráðuneytisins skiluðu séráliti. Því miður er það þannig að vinna starfshópanna var ekki aðskilin frá tekjuöflun vegna fjárlaga 2013. FA gagnrýnir skipulag og starf starfshópanna.

Útfærsla nýsamþykktra laga á vörugjöldum á matvæli er flókin, eins og við var að búast. FA ber virðingu fyrir því að reynt sé að gæta jafnræðis sem er vissulega betra en

núverandi fyrirkomulag. Flókin útfærsla er hins vegar engum til góða. Þá eru áhrif laganna takmörkuð. Talað er um í greinargerð með frumvarpi að eftirspurn eftir Floridana heilsusafa muni aukast um 5-6% vegna aflagðra vörugjalda. Eftirspurn eftir gosdrykkjum og ABT mun minnka um minna en 2% miðað við frumvarpið. Það er því vandséð að um sé að ræða straumhvörf í neysluvenjum hvað varðar sykraðar vörur.

FA gagnrýnir lögin harðlega þegar kemur að vörugjaldi á sætuefni. Ekkert var fjallað um skaðsemi sætuefna. En um álagningu vörugjalda á sætuefni sagði: „verði gjaldið miðað við að vera hið sama og ef sykur væri notaður í stað sætuefnis“. Þessi frumlega aðferð leiðir til þess að vörugjald



á ýmis sætuefni verður 42.000 kr. á kg samanborið við 210 kr. á kg af sykri. Munurinn er 20.000% og því virðist löggjafinn telja að sætuefni séu 200 sinnum óhollari en viðbættur sykur. Engar rannsóknir eða málefnaleg sjónarmið liggja þarna að baki. Minnt skal á að skattlagning á að byggja á skýrum málefnalegum sjónarmiðum og verður þar að gera meiri kröfur til sértæktrar skattheimtu. Að auki er rétt að nefna að gerð sætuefna er í stöðugri þróun og mismunandi efni hafa mismunandi eiginleika og eru þar af leiðandi mismunandi holl.




Að lokum má geta þess að nýju lögin taka gildi 1. mars nk. Enn er þó mikil óvissa um útfærslur sem snúa bæði að innlendum framleiðendum og innflytjendum. Málið er því enn á borði félagsins og verður unnið áfram að því að ná skaplegri lausn. FA mun áfram vinna að því markmiði að vörugjöld verði lögð niður.

## SKATTAÁLÖGUR HAFNA SKAÐLEG ÁHRIF

Langflestir félagsmenn FA telja að auknar skattaálögur hafi skaðleg áhrif á eftirspurn á sínum markaði eða 91%. Hefur það hlutfall aukist úr 79% frá árinu áður.

**Hversu skaðlegar eru auknar skattaálögur fyrir eftirspurn á þeim markaði sem fyrirtæki þitt starfar á?**



## ÖNNUR SKATTAMÁL Í DEIGLUNNI

Ýmis önnur atriði varðandi skattamál voru hluti af baráttu félagsins og eru hér nokkur dæmi nefnd, þótt upptalningin sé alls ekki tæmandi:

- **Tryggingagjald enn of hátt.** Nettólækkun tryggingagjalds skv. fjárlögum er 0,1 prósentustig og er gjaldið þá 7,79%. Það eru vonbrigði. „Nettolækkun tryggingagjaldsins ætti að hafa jákvæð áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna þar sem hún leiðir til lækkunar á tilkostnaði fyrirtækja sem gerir þau betur í stakk búin til að greiða hærri laun. Lengja vinnutíma eða fjölga starfsmönnum“, sagði í fjárlagafrumvarpinu. Að sjálfsögðu er það rétt en breytingin er óveruleg og hefur því nánast ekkert að segja. Félag atvinnurekenda telur að lækkun tryggingagjaldsins þurfi að vera mun meiri, sérstaklega þegar litið á þá miklu hækkun sem orðið hefur á gjaldinu frá 2008. FA hefur ítrekað bent á þá íþyngingu sem felst í háu tryggingagjaldi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en stjórnvöld hafa kosið að horfa á auknar tekjur ríkissjóðs.
- **Félag atvinnurekenda gagnrýnir enn og aftur þá hefð sem virðist vera að skapast um að verðtryggja krónutölugjöld með almennum verðlagsforsendum.** Óeðlilegt er að miða blint við almennan mælikvarða, eðlilegra er að miða við stöðuna á þeim markaði sem við á í hverju tilvik. Hækkunir á gjöldum hækka oft verðlag á vörum sem kemur beint fram í minni eftirspurn. Þetta sést skýrt varðandi eldsneyti og áfengi á undanförunum misserum.

- **20% hækkun tóbaksgjalds illa rökstudd.** Þótt tóbak sé skaðleg vara samkvæmt reynslu og rannsóknnum, gilda sömu sjónarmið um skattlagningu hennar og annarra vara. Byggja þarf á málefnalegum og efnislegum forsendum. Miklar hækkunir á vörum eins og tóbaki hafa leitt til þess í öðrum löndum að vaxandi svartamarkaðsstarfsemi skýtur upp kollinum sem ein af afleiðingunum. Ekki er hægt að fullyrða að svo verði á Íslandi en eðlilegt er að horft sé til reynslu annarra þjóða í þessum efnislegum og langvarandi reynslu á smygli á tóbaki hingað til lands. Þótt tóbak vegi eingöngu 1,3% í vísitölu neysluverðs eru áhrif svo mikillar hækkunar óhjákvæmileg. FA telur að hækkun tóbaksgjalds hafi hækkað vísitölu neysluverðs um 0,2%-0,24% og þar með hækkað höfuðstól verðtryggðra lána heimila um 2,5 til 3 milljarða króna.

„Bananar ehf. hafa verið svo lánsamir að þurfa ekki að leita til míkið til Félags atvinnurekenda. Þegar vandmál hafa hinsvegar komið upp, m.a. í tengslum við samskipti við stjórnvöld, þá leystu lögfræðingar félagsins þau fljótt og örugglega. Við teljum það mikilvægt að geta leitað til faglegra aðila þegar upp koma vandamál og fá þann stuðning sem við þurfum. Það er ljóst að þann stuðning er að finna hjá FA.“

**Kjartan Mar Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana ehf.**

„Toppfiskur hefur í gegnum árin leitað til lögmanna FA með ýmis mál sem upp hafa komið hjá félaginu vegna starfsmannamála. Hvort sem um er að ræða spurningar sem hafa vaknað eða lögfræðilega aðstoð þá höfum við ávallt fengið faglegra og fljóta þjónustu frá lögmönnum FA. Það er gott að vita til þess að maður getur gengið að öruggri og góðri þjónustu þegar aðstoðar er þörf. Það er sama við hvern maður talar hjá FA, þjónustan er til fyrirmyndar.“

**Laufey Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Toppfisks.**

## GENGISTRYGGÐ LÁN

### FA hvetur til flýtimeðferða

Félag atvinnurekenda hefur lengi talað fyrir því að flýtimeðferðir einkamála vegna gengistryggðra lána nái fram að ganga. Meginröksemdin fyrir því er að lántakar – jafnt einstaklingar sem fyrirtæki – hafa búið við óviðunandi óvissuástand um stöðu gengistryggðra lána frá fyrstu dómum um ólögmæti þeirra fyrir hartnær tveimur árum síðan. Flýtimeðferð mála er eitt af þeim skrefum sem verður að stíga til að lagfæra það ástand eins fljótt og auðið er. Félag atvinnurekenda sendi frá sér fréttatilkynningu þann 22. júní árið 2010 vegna dóma sem þá höfðu fallið um gengistryggð lán. Því miður á hún nánast jafn vel við í dag og þá. Yfirskriftin var: „Gengistrygging ólögmæt: dómstólar eiga að ráða – en flýta þarf meðferð mála“. Þar sagði m.a.:

„Félag atvinnurekenda er sammála því að álitæfni tengd gengistryggingu þurfi að fara fyrir dómstóla, enda um mikla hagsmuni að ræða fyrir fjármálastofnanir, heimili og fyrirtæki. Það eitt og sér getur hins vegar ekki réttlætt bið og aðgerðarleysi. Það er mikilvægt að stjórnvöld hlutist til um að hraða umræddu ferli eins og kostur er. Að sama skapi þurfa fjármálastofnanir að gæta þess að ganga ekki á rétt lántaka á grundvelli umdeilda heimilda.“

Félag atvinnurekenda lagði til að ríkisstjórn myndi skipa sérfræðinganefnd sem færi yfir málefni tengd gengistryggðum lánnum og legði fram lista af helstu álitæfnum sem nauðsynlegt væri að fá úrskurð dómstóla um. Einnig lagði FA til að sett yrðu lög eða önnur réttarfarsúrræði sköpuð til að dómstólar gætu forgangsraðað þannig að öll mál tengd gengistryggingu yrðu tekin fyrir eins fljótt og auðið væri.

Ljóst er að dýrmætur tími hefur farið í súginn með tilheyrandi verðmætasóun og óvissu um réttarstöðu aðila frá því fyrstu dómur um gengistryggingu gengu. Flýtimeðferð mála sem tengjast gengistryggingu getur aflétt þeirri óvissu að hluta. Það er enn fremur sérstaklega mikilvægt að fjármálastofnanir sýni að þær telji sig hafa hvata til þess að klára mál hratt fyrir dómi. Það er umhugsunarefni að almennt hafa fjármálafyrirtæki innheimt á grundvelli þess sem þau telja að lántaki skuldi,

án þess að taka nægilegt tillit til fordæmisgildi fyrirliggjandi dóma. FA bendir enn og aftur á að sterkar forsendur eru til þess að lántakendur eigi að njóta vafans á meðan óvissuástand varir.



Fréttatilkynning sem FA sendi frá sér árið 2010 á því miður næstum jafn vel við í dag.

*„Af hverju gekk ég ekki í Félag atvinnurekenda um leið og ég stofnaði fyrirtækið mitt? Það hefði sannarlega einfaldað líf mitt. Hversu oft hef ég ekki spurt mig þessarar spurningar eftir að ég gekk í félagið fyrir nær tveim árum síðan. Það er ekki alltaf auðvelt fyrir nýstofnað fyrirtæki að tryggja hagsmuni sína á grimmum samkeppnismarkaði eða takast á við opinbera aðila. Félagið hefur yfir að ráða öflugum og dugmiklum hópi starfsmanna*

*sem þjónustar og stendur vörð um hagsmuni félagsmanna sinna og skiptir þá einu hvort um er að ræða stórfyrirtæki eða einyrkja. Faghópa og fræðslustarf félagsins er auk þess með miklum blóma og því mæli ég hiklaust með aðild að félaginu. Skráðu þig núna!“*

**Ólafur Adolffson,**  
**lyfsali Apóteki Vesturlands Akranesi**

## FJÁRMÖGNUNARLEIGU-SAMNINGAR LÝSINGAR HF. – STAÐA MÁLA

Málaferli um stöðu og eðli svokallaðra gengistryggðra lána undanfarin ár eru kunnari en frá þurfi að segja. Síðustu misseri hafa verið gerðar tilraunir til að ráða til lykta ágreining um tiltekna fjármögnunarleigusamninga sem þykja bera einkenni lánessamninga. Samningarnir voru tengdir gengi erlendra mynta og leikur því vafi á hvort um ólögmæta gengistryggingu hafi verið að ræða. Einnig ber nauðsyn til að skera úr um hvernig fara skuli með uppgjör, verði niðurstaðan sú að samningarnir hafi verið verðtryggðir andstætt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Lýsing hf. er eitt þeirra fyrirtækja sem bauð viðskiptavinum sínum slíka fjármögnun. Fyrirtækið hefur gert fjármögnunarleigusamninga í erlendri mynt frá árinu 1989 en lögmæti gerninganna komst ekki í hámmæli fyrr en á síðustu árum. Þann 24. maí 2011 féll dómur Hæstaréttar í máli Lýsingar gegn Smákrönum ehf. þar sem tekist var á um hvort fjármögnunarleigusamningur Lýsingar teldist láns- eða leigusamningur. Tilvikinu svipaði til fyrra máls nr. 282/2011, en þar taldi Hæstiréttur að fjármögnunarleigusamningur annars fjármálafyrirtækis væri, að öllu virtu, lánessamningur. Niðurstaðan í Smákranamálinu var hins vegar á annan veg. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að eins og á staði hefðu Smákranar ekki sannað að samist hefði svo um að andlag samningsins yrði eign fyrirtækisins í lok samningstíma. Að öllu virtu verði því að telja að um

í máli Smákrana gengu báðir aðilar út frá því að málið stæði fyrst og fremst um hvort fjármögnunarleigusamningur Lýsingar yrði flokkaður sem lánessamningur eða leigusamningur. Í síðarnefnda tilvikinu gerðu báðir aðilar ráð fyrir að tenging afborgana við erlendar myntir væri lögmæt, þar sem lög um vexti og verðtryggingu legði ekki bann við gengistryggingu leigusamninga í orði kveðnu. Þar sem aðilar einkamáls hafa forræði yfir málatilbúnaði sínum reyndi ekki beinlínis á þessa túlkun laganna. Undanfarið hafa hins vegar komið fram sjónarmið um að 13. gr. laganna taki til skuldbindinga í íslenskum krónum í víðari skilningi og takmarkist ekki við þá samninga sem beinlínis verða flokkaðir sem lánessamningar. Unnt er að færa ýmis rök fyrir því að fjármögnunarleigusamningar Lýsingar séu í raun ekkert annað en leiga á fjármagni, íslenskum krónum, til nota í lausafjárkaupum. Með gengistryggingu þeirra er skuldbinding í íslenskum krónum óhákvæmilega tengd gengi erlendra mynta, óháð því hvort samningurinn í heild sinni verði flokkaður sem lán eða leiga. Þetta efnisatriði býður enn úrlausnar.

**Fjármögnun Lýsing lánar fyrir atvinnutækjum og atvinnubílum.**

## Rannsaki viðskipti Lýsingar

„Okkur hafa borist kvartanir frá félagsmönnum. Af þeim að dæma er skýrt að Lýsing hf. hefur neitað að viðurkenna endurkauparétt viðskiptavina sinna í lok samningstíma eða við sölu samningsandlagsins, þrátt fyrir að um það hafi verið samið í upphafi og fyrir liggi löng framkvæmd fyrirtækisins í þá veru,“ segir Almar Guðmundson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Í yfirlýsingu félagsins er Fjármálaeftirlitið hvatt til þess að taka Lýsingu til rannsóknar vegna fjármögnunarleigusamninga.

### Ástunda önnur vinnubrögð

„Til þess að það verði látið reyna á viðskiptahætti Lýsingar förum við þess á leit að til þess bært eftirlit fari í málið. Miðað við þau gögn sem við höfum frá félagsmönnum og öðrum teljum við að Lýsing ástundi aðra hluti núna en fyrirtækið gerði. Það hlýtur að vera einkennilegt að eiga í viðskiptum við fyrirtæki sem horfir öðrum augum á hlutina nú en þegar samningarnir voru gerðir,“ segir Almar Guðmundsson.

Hvorki náðist í Lilju Dóru Halldórsdóttur, forstjóra Lýsingar, né Magnús Scheving Thorsteinsson, stjórnarformann Lýsingar.

Félag atvinnurekenda telur Lýsingu brjóta á viðskiptavinum sínum:

## Krefur FME upplýsinga um Lýsingu

**VIÐSKIPTI** Félag atvinnurekenda telur að Lýsing brjóti lög með því að viðurkenna ekki umsamin endurkauparétt viðskiptavina sinna. Félagið hefur vegna þessa sent Fjármálaeftirlitinu erindi þar sem óskað er eftir ítarlegum tölu- legum upplýsingum um fjármögnunarleigusamninga Lýsingar.

„Félagi atvinnurekenda hafa borist fjöldamargar kvartanir vegna starfshátta fjármálafyrirtækisins Lýsingar í tengslum við eina af fjármögnunarleiðum þess,“ segir í erindinu, og er þar átt við fjármögnunarleigusamninga.



**VINNUVÉLAR** FA segir ljóst að þeir sem gerðu samninga við Lýsingu hafi ætlað að eignast tækin. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Í öllum tilfellum sé kvartað yfir því að Lýsing viðurkenni ekki endurkauparétt viðskiptavina þrátt

fyrir að um hann hafi verið samið, í sumum tilfellum skriflega. „Komu þessi sinnaskipti upp eftir að deilur tóku að rísa um skilin á milli leigusamninga annars vegar og lánessamninga hins vegar. Eftir þann tíma tók Lýsing upp á því að þræta fyrir framangreinda skuldbindingu,“ segir enn fremur í erindinu til Fjármálaeftirlitsins.

Þetta segir Félag atvinnurekenda að sé ólögmætt, í andstöðu við samningsskuldbindingar og lög um fjármálafyrirtæki. Óskað er svara frá Fjármálaeftirlitinu innan sjö daga. -sh

Forsíða Fréttablaðsins 28.06.2012

leigusamning hafi verið að ræða og réðst niðurstaða dómsins þar um á sönnun um þetta tiltekna atriði. Af því leiðir að niðurstaðan hefur mjög takmarkað fordæmisgildi.

Af þessari ákvörðunarástæðu Hæstaréttar má hins vegar draga þá ályktun að ef öðrum viðskiptavinum Lýsingar takist sönnun á því að samið hafi verið um eigendaskipti í lok samningstíma er ekki loku fyrir það skotið að skuldbindingin verði talin lánessamningur. Nú eru rekin nokkur dómsmál um þetta efni, m.a. af lögmanni FA, og er vonast til að dómur fari að falla í héraði með haustinu.

Morgunblaðið 13.07.2012

## VERÐÞRÓUN OG SAMKEPPNI Á DAGVÖRUMARKAÐI

Í janúar 2012 sendi Samkeppniseftirlitið frá sér skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Af því tilefni hélt eftirlitið fjölmennan fund um málið þar sem Almar Guðmundsson var einn ræðumanna. Í framhaldi af fundinum skilaði FA ítarlegri umsögn um málið þar sem umfjölluninni var fagnað enda einkar mikilvægt að fagleg umræða fari fram um samkeppnismál.

FA leggur sérstaka áherslu á leiðbeinandi hlutverk Samkeppniseftirlitsins í umfjöllun um samkeppnismarkaði. Mikilvægt er að umfjöllun eftirlitsins feli í sér skýrar leiðbeiningar og að eftirlitið veiti fyrirtækjum í auknum mæli bindandi ráðgjöf á sviði samkeppnisréttar. Það er gríðarlega mikilvægt að hið faglega stjórnvald sýni fyrirhyggju og leiðbeini fyrirtækjum frá háttsemi sem kann mögulega að raska samkeppni og kann eftir atvikum að vera refsiverð. Það hlýtur að vera kappsmál eftirlitsins að afstýra mögulegum brotum og tryggja virka samkeppni eftir fremsta megni. Slík bindandi ráðgjöf á sviði skatta- og tollamála hefur gefist vel og er virkur þáttur í réttarvernd borgaranna gagnvart stjórnvaldinu.

Í umsögn FA var m.a. fjallað um að skýrslan innihaldi umfjöllun um einstaka dagvöruflökka en ekki liggur fyrir hvort eftirlitið líti á þá flokkun sem skilgreiningu á mörkuðum. Þá var fjallað um viðskiptakjör birgja og þau lagalegu sjónarmið sem þau gilda, en FA telur mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á markaðsráðandi birgjum og öðrum í þessu samhengi og að ekki sé alið á tortryggni þegar viðskiptavinir njóta mismunandi kjara. Hugtakið „eðlilegt magnhagræði“ var nefnt í skýrslunni í samhengi við mismunandi verð birgja. FA áréttar að taka verði tillit til allra þátta sem skýrt geta magnhagræði, en ekki bara hagræði í dreifingu. Nánar er fjallað um umsögn félagsins um skýrsluna á heimasíðu félagsins. Hér eftir sem hingað til mun FA vinna með það að markmiði að heilbrigð samkeppni ríki í viðskiptum á Íslandi.

### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hvorki né ■ Ósammála ■ Mjög ósammála

Virk samkeppni ríkir á dagvörumarkaði



Virk samkeppni ríkir á meðal birgja dagvöru



Úr könnun Félags atvinnurekenda: um helmingur félagsmanna er sammála því að virk samkeppni ríki á dagvörumarkaði og á meðal birgja dagvöru en um þriðjungur er ósammála því.

## FA TEKUR ÞÁTT Í UMRÆÐUNNI

Baráttumál Félags atvinnurekenda eru af ýmsum toga. Félag atvinnurekenda lætur til sín taka við bæði stór mál sem smá til að tryggja hagsmuni félagsmanna sinna. Sú barátta fer meðal annars fram í opnum bréfum sem birtast í fjölmiðlum landsins. Hér eru nokkur vel valin dæmi um greinar sem starfsfólk hefur sent inn.

# Ólögmætir fjármálagerningar og bótaréttur fyrirtækja

Á síðastliðnum árum hefur mikið verið deilt um uppgjör á gengistryggðum lánum, þ.e. skuldbindingum í íslenskum krónum sem bundnar hafa verið við gengi erlendra gjaldmiðla. Ótal mál hafa verið rekin fyrir dómstólum þar sem reynt hefur á margvíslegar málsástæður deilenda. Eftir mikla fyrirhöfn er nú svo komið að Hæstiréttur hefur varpað ljósi á fjölmörg álitamál er þetta varðar og þannig svarað mörgum spurningum þeirra skuldara sem í hlut eiga.

### FJÁRMÁL



Páll Rúnar Mikael Kristjánsson lögmaður Félags atvinnurekenda

→ Hafi forsvarsmenn fyrirtækja það á tilfinningunni að viðskipti hafi leitt til ósanngjarnar niðurstöðu er sú tilfinning ein og sér næg til þess að kanna rétt sinn frekar.

reglum fjármunaréttar. Það er því margt sem þarf að íhuga áður en slíkar kröfur eru greiddar.

Það er hins vegar langur vegur frá því að önnur mál sem tengjast fjármögnun og fjármálagerningum á árunum fyrir hrun séu leyst. Vega þar þyngst mál sem tengjast afleiðum og öðrum fjármálagerningum sem hinir föllu bankar buðu viðskiptavinum sínum á árunum í kringum hrun. Um slíka gerninga, og fyrirtækin sem bjóða þá, gilda strangar reglur en svo virðist sem hinir föllu bankar hafi í mörgum tilfellum sniðgengið þær reglur. Þá virðist sem frágangur þessara gerninga hafi oft ekki hafa verið mjög ítarlegur. Það er því eðlilegt að margir spyrji sig að þeirri spurningu hvaða áhrif framangreint hefur á stöðu þeirra sem urðu fyrir tjóni í þessum viðskiptum.

### Vafi um lögmæti

Sá vafi sem leikur á lögmæti margra þeirra gerninga sem um ræðir undirstrikast m.a. í nýllegum dómum Hæstaréttar þar sem slitastjórnir hafa freistað þess að innheimta kröfur á grundvelli gjaldþrengisráðgjafarinnar og annarra fjármálagerninga. Þær mótþáttur sem skuldarar hafa teft fram í slíkum uppgjörum snerta m.a. stöðu þeirra sem almennra fjárfesta (en ekki fagfjárfesta) og mögulegan skaðabótarétt skuldara í þessum viðskiptum en slíkar kröfur gætu komið til skuldajafnaðar á móti tapi af viðskiptunum. Þá eru í ákveðnum tilfellum sterk rök fyrir því að atvik að baki viðskiptunum eða háttsemi kröfuhafans geti leitt til ógildingar gerninganna eða þess að það teljist ósanngjarn af kröfuhafanum (í flestum tilvikum slitastjórnir bankanna) að bera þá fyrir sig. Byggist sú niðurstaða bæði á lögum frá Alþingi og ólögfestum

### Skaðabótaskylda

Í þeim dómum sem fallið hafa til þessa hefur Hæstiréttur staðfest að meðferð almenns fjárfestis sem fagfjárfestis hafi ekki ein og sér þau áhrif að samningur hans við fjármálagjafi fyrirtæki séu ógildir. Hins vegar er ljóst af þeirri dómafrákvæmd sem nú liggur fyrir að Hæstiréttur hefur opnað á mögulega skaðabótaskyldu vegna rangrar flokkunar fjárfesta sem og mögulega ógildingu fjármálagerninga, eins og afleiðna, vegna annarra atvika. Þá kann það í ákveðnum tilfellum að teljast ósanngjarn af kröfuhafa að bera slíka samninga fyrir sig gagnvart skuldara. Í ljósi alls þessa er mikilvægt fyrir þá sem tóku þátt í slíkum viðskiptum við hina föllu banka og aðrar fjármálastofnanir að kanna vel rétt sinn og lagalega stöðu. Hafi forsvarsmenn fyrirtækja það á tilfinningunni að viðskipti hafi leitt til ósanngjarnar niðurstöðu er sú tilfinning ein og sér næg til þess að kanna rétt sinn frekar. Sá sem telur sig hafa verið órétti beittur á oftar en ekki rétt samkvæmt lögum jafnvel þótt hann þekki þau lagaákvæði ekki sjálfur.

Í hnotskurn þá eru ákveðin lögfræðileg rök fyrir því að þeir sem hafa gert ólögmetta afleiðusamninga þurfi ekki að þola tjón sitt óbætt. Þá gæti staða þeirra verið með þeim hætti að það væri ósanngjarn af kröfuhafanum að bera samninginn fyrir sig. Það er því mikilvægt að allir þeir sem gert hafa slíka samninga skoði vel lagalega stöðu sína. Þá er ekki loku fyrir það skotið að hluthafar í fyrirtækjum sem gerð hafa verið gjaldþrota á grundvelli slíkra krafna kunni að eiga bótarétt ef ráð er í tíma tekið.

# Verðbólgan og meint auðsöfnun innflytjenda erlendis

## Efnahagsmál

### Almar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri  
Félags atvinnurekenda



### Margrét Guðmundsdóttir

Formaður Félags  
atvinnurekenda



Hún er lífseig sagan af innflytjendum sem hagnast á verðbólguumhverfi með því að hækka verð umfram kostnað. Nýlegt dæmi er að fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra sagði í blaðagrein á dögunum að ýmislegt benti til að þráláta verðbólgu undanfarinna missera mætti meðal annars skýra með óeðlilegri hækkun innflutningsverðlags vegna þess að innflytjendur væru að safna fé á erlenda reikninga. Engin frekari skýring var gefin á þessari fullyrðingu í greininni.

Fyrir þá sem vilja kynna sér staðreyndir um verðlagsþróun á Íslandi undanfarin misseri nefnum við hér tvö dæmi:

Samkeppniseftirlitið gaf nýverið út skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Í skýrslunni var verð á dagvöru á árabílinu 2006 til 2011 skoðað sérstaklega með því bera saman verðþróun dagvöru við heildsöluverð, gengisþróun, kostnaðarþætti

og fleira. Undir yfirskriftinni „hækkandi verð á dagvöru skýrist af ytra umhverfi“ segir m.a. í skýrslu eftirlitsins: „Niðurstöður þessa samanburðar gefa ekki vísbendingar um að verð á dagvöru hafi hækkað meira en gengisþróun og verðhækkun á sömu vöru og hráefnum frá erlendum birgjum gáfu tilefni til. Þá hefur vísitala innlendrar mat- og drykkjarvöru hækkað svipað og verð á sömu vöru í smásölu.“ Ekki styður þessi könnun Samkeppniseftirlitsins fullyrðingar um að innflytjendur eða smásalar hafi notað tækifærið til að hækka verð umfram kostnað.

### „Verðbólgan er innlend“

Vikuritið Vísbending birti síðan mjög áhugaverða grein þann 9. apríl sl. undir yfirskriftinni „Verðbólgan er innlend“. Þar er verðbólga sl. 12 mánaða (frá mars 2011 til mars 2012) skoðuð sérstaklega með því að bera saman hækkanir einstakra undirliða vísitölunnar. Niðurstaðan er sú að helstu hækkunarliðirnir eru innlendir. Um verðþróun innfluttrar vöru segir m.a. í Vísbendingu: „Sérstaka athygli vekur að erlend mat- og drykkjarvara hefur ekki hækkað á undanförunum tólf mánuðum svo neinu nemi. Þetta þýðir að erlendir birgjar, innflytjendur og smásalar hafa tekið á sig þá 8-9% hækkun sem hefði átt að lenda hjá neytendum ef aðeins er litið á veikingu krónunnar og erlendar verðhækkanir.“



## FLUGMIÐAKAUP RÍKISINS Í ANDSTÖÐU VIÐ LÖG

Í maí 2012 lagði lögmaður FA fram kæru til kærunefndar útboðsmála f.h. Iceland Express. Kæran var lögð fram í tilefni af því að Ríkiskaup höfðu tekið tilboði Icelandair, í útboði um flugmiðakaup, þrátt fyrir að það væri þrefalt hærra en tilboð Iceland Express og í ósamræmi við ákvæði útboðslýsingar. Þá ákvörðun taldi Iceland Express vera í andstöðu við ákvæði laga um opinber innkaup. Málið varðaði verulegar fjárhæðir en áætlað er að ríkið verji um 800 milljónum í flugmiðakaup á ári hverju. Kærunefnd útboðsmála féllst á sjónarmið Iceland Express í málinu og vannst þar fullnaðarsigur.

## Viðurkenna annmarka á rammasamningi

Ríkiskaup ætla að höfða mál til ógildingar úrskurðar kærunefndar útboðsmála fyrir dómstólum. Rammasamningi um flugsæti til og frá Íslandi hefur þó verið sagt upp og verður útboðið endurtekið á næstu þremur mánuðum.

press, um þá ákvörðun Ríkiskaupa að endurtaka útboð um flugsæti til og frá Íslandi.

Annmarkar voru á samningnum Skarphæðinn telur ákvörðunina staðfesta að illa hafi verið staðið að útboðinu í sínum tíma og að sjónarmið flugfélagsins hafi verið réttmæt. „Og ég treysti því að það verði engir vildarpunktar að

lindnum. Hvað vildarpunkturarnir varðar segir hann ekkert ákvæði en bendir á að fyrirmynd síðasta útboðs hafi verið sótt til Danmerkur. „Þar er stofnunum sjálfum gert að marka sína eigin stefnu í slíkum málum. Þær eru með sínar innkaupa-og-söðareglur“, segir Halldór. Hann bætir þó við að í útboðslýsingu og sverum við fyrirspurnum í síðasta útboði hafi komið fram að ákvæðið er samþykkað samant

Viðskiptablaðið 06.09.2012

## NJARÐARSKJÖLDURINN

Njarðarskjöldurinn, hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Félags atvinnurekenda, Kaupmannasamtakanna, SVP, Global Blue á Íslandi og Tax free Worldwide Ísland var veittur í sautjándra sinn 7. febrúar sl. Markmið verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Við tilnefningu ferðamannaverslunar ársins er leitast við að verðlauna þá verslun sem hefur náð hvað bestum söluárangri til erlendra ferðamanna milli ára. Horft er til markaðs- og kynningarmála. Í fyrsta sinn í ár, er það ekki verslun sem hlýtur verðlaunin heldur verslunarmaðurinn Sigurður Guðmundsson, einstaklingur sem hefur sett mark sitt á verslunarrekstur í miðborginni með mjög afgerandi hætti. Sigurður rekur tvær Viking Store verslanir, Made in Iceland verslun, Verslunina Visir og listagalleríð Listfléttuna.



Jafnframt var „Freyjusómi 2012“ afhendur í annað sinn. Viðurkenningin er veitt til þeirrar verslunar sem þykir kom með hvað ferskastan andblæi í verslunarrekstur á ferðamannamarkaði í borginni. Það var verslunin Eggert felðskeri, Skólavörðustíg 38 sem hlaut þessa viðurkenningu 2012 fyrir framsækin verslunarstörf.

*“Við hjá Skakkaturni erum tiltölulega nýr meðlimur í samtökunum. Aðalástæðan fyrir okkar inngöngu var að okkur vantaði sterkan talsmann og með sértæka lagabekkingu vegna innflutningsmála.*

*Við höfðum háð harða baráttu við yfirvöld í mörg ár og rétt við marga í kerfinu. Innflutningur okkar á þessu tímabili var einungis 14% af öllum innfluttum iPodum en þetta sáum við í*

*þjónustukerfi Apple.*


*Við ákváðum á sínum tíma í samráði við FA að stefna ríkinu, nú tveimur árum seinna þá eru engir tollar á iPodum svo það sjá allir að það hlýtur að hafa verið gæfuspor fyrir okkur að ganga í samtökin.”*

**Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is Skakkiturn**


## VIÐHORF FÉLAGSMANNA

Félag atvinnurekenda framkvæmdi könnun meðal félagsmanna sem ætlað var að varpa ljósi á viðhorf á starf félagsins. Einnig voru lagðar fyrir spurningar er varða almenna samkeppni á markaði, afstöðu til Evrópumála og áhrif breytinga á sköttum og vörugjöldum. Fulltrúar 179 fyrirtækja voru spurðir og voru 65 sem svöruðu könnuninni sem gerir 36,3% svarhlutfall.

### Hversu margir starfa hjá fyrirtækinu?




### Hver er ársvelta fyrirtækisins?



Innan Félags atvinnurekenda er breið flóra félagsmanna, bæði hvað varðar stærð eða atvinnugrein. Flestir félagsmenn eru lítil fyrirtæki með 5-20 starfsmenn og ársveltu á bilinu 100-500 milljónir...

### Í hvaða atvinnugrein starfar viðkomandi fyrirtæki?



... 31% þeirra sem svöruðu starfar í lön-, rekstrar-, byggingar- og rafvörugreinanum.

### Telur þú að fjárhagsleg endurskipulagningu fyrirtækja hafi haft marktæk áhrif á samkeppni á þínum markaði?



62% félagsmanna telur að fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hafi haft neikvæð áhrif á samkeppni á sínum markaði sem er talsvert hærra hlutfall en í könnun FA ári áður en þá töldu aðeins 47% félagsmanna að fjárhagsleg endurskipulagning hafi haft neikvæð áhrif á samkeppni á sínum markaði.

### Hefur beint eða óbeint eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum áhrif á samkeppni á þínum markaði?




Meirihluti félagsmanna telur að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum hafi áhrif á samkeppni á sínum markaði eða 66% samborið við 54% félagsmanna árið áður.

## AFSTAÐA FÉLAGSMANNA TIL EVRÓPUMÁLA OG ÍSLENSKU KRÓNUNNAR


Félagsmenn FA virðast vera nokkuð klofnir í skoðun sinni á inngöngu Íslands í ESB eða hvort eigi að taka upp annan gjaldmiðil á Íslandi. Flestir telja þó ekki íslensku krónuna vera framtíðargjaldmiðil fyrir Ísland. Niðurstöður könnunarinnar eru nokkuð óbreyttar frá niðurstöðum síðasta árs þegar sömu spurningar voru lagðar fyrir félagsmenn FA.

### Halda skal áfram aðildarviðræðum við ESB




Félagsmenn skiptast nánast í tvennt þegar spurt er að því hvort halda eigi áfram aðildarviðræðum við ESB...

### Ísland á að ganga í ESB




... en rúmlega helmingur félagsmanna telur þó að Ísland eigi ekki að ganga í ESB eða 54%

### Taka skal upp Evru á Íslandi við aðild ESB




41% félagsmanna telur Evruna ekki vera rétta gjaldmiðilinn en 43% telur að taka skuli upp Evru á Íslandi við aðild að ESB

### Taka skal einhliða upp annan gjaldmiðil hér á landi



Mjög skiptar skoðanir eru á hvort taka eigi upp einhliða annan gjaldmiðil hér á landi...

### Krónan er framtíðargjaldmiðil fyrir Ísland



... en þó er stór meirihluti sem telur íslensku krónuna ekki vera framtíðargjaldmiðil fyrir Ísland






# BREYTINGAR Á SKÖTTUM OG VÖRUGJÖLDUM HAFA ÁHRIF Á REKSTUR FYRIRTÆKJA

Miklar skattahækkunar hafa verið undanfarin ár og er augljóst að það hefur haft áhrif á rekstur fyrirtækja félagsmanna. Þegar spurt var hvort breytingar á einstökum sköttum og opinberum gjöldum hafa leitt til þess að viðkomandi fyrirtæki hafi gripið til hagræðingaaðgerða sást að mikill meirihluti hefur þurft að grípa til þeirra.

Eftirfarandi breytingar á sköttum og opinberum gjöldum hafa leitt til þess að fyrirtæki mitt hefur gripið til hagræðingaaðgerða




66% fyrirtækja hafa gripið til hagræðingaaðgerða vegna breytinga á fjármagnstekjuskatti, 76% vegna hækkunar á tekjuskatti og 72% vegna breytinga á tryggingagjaldi. Aðrir skattar og gjöld höfðu minni áhrif.



- MJÖG SAMMÁLA
- SAMMÁLA
- HVORKI NÉ
- ÓSAMMÁLA
- MJÖG ÓSAMMÁLA

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?



- MJÖG SAMMÁLA
- SAMMÁLA
- HVORKI NÉ
- ÓSAMMÁLA
- MJÖG ÓSAMMÁLA

Meirihluti félagsmanna, eða 60%, telur að ekki ríki samkeppni á meðal bankastofnana

## VIÐBURÐIR Á ÁRINU

**22. mars 2012**

Smáfyrirtækin á Íslandi var yfirskrift félagsfundar sem haldinn var 22. mars þar sem Thomas Möller framkvæmdastjóri Rýmis, kynnti úttekt sem hann gerði um mikilvægi smáfyrirtækjanna og ræddi áherslur sem koma þeim til góða á næstu árum. Umræður og vangaveltur urðu um hvernig félagið gæti látið til sín taka um þessi mál.

**23. maí 2012**

Var haldinn félagsfundur í framhaldi af dómi Hæstaréttar í hinu svokallaða Smákranamáli, þar sem tekist var á um lögmæti fjármögnunarleigusamnings Lýsingar og mögulega gengistryggingu hans. Farið var yfir þýðingu dómsins og stöðu lánamála almennt, úrræði fyrirtækja og næstu skref. Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl. reifaði dóminn og önnur nýleg mál.

**6. september 2012**

Haustfagnaður var haldinn 6. september, félagsmönnum var boðið í húsakynni félagsins, kynnt var dagskrá vetrarins og ný heimasíða kynnt. Dóri DNA uppistandari úr grínhópnum Mið-Ísland kom og fór með gamanmál.





#### 11. október 2012

Þann 11. október stóð Félag atvinnurekenda fyrir opnum hádegisverðarfundum um stöðu fyrirtækja gagnvart lánveitendum á íslenskum markaði. Yfirskrift þessa fundar var „Staða fyrirtækja gagnvart lánveitendum“ Hvað má betur fara í háttsemi og viðskiptaháttum? Fundurinn var haldinn á veitingastaðnum Nauthól. Ragnar Halldór Hall hrl. ræddi um vandamál sem koma upp í tengslum við uppgjör og/eða endurnýjun lánasamninga. Almar Guðmundsson framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda ræddi „Réttarstöðu fyrirtækja og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja“. Einnig sagði Elías Pétursson frá reynslusögu síns fyrirtækis. Fjölmenni var á þessum fundir og voru umræður líflugar.

#### 29. nóvember

Aðventustundin er orðin fastur liður í starfsemi félagsins. Í ár var hún haldin 29. nóvember. Ingibjörg Reynisdóttir las úr nýrri bók sinni „Gísli á Uppsölum“ og Pétur Blöndal las einnig upp úr bók sinni „Limrubókin“. Bjarni Arason mætti einnig á svæðið og söng sín fegurstu ljóð. Félagsmenn áttu þarna góða stund í góðra vina hópi.

## 15. janúar 2013

Fyrsti félagsfundur ársins var haldinn 15. janúar. Markmið fundarins var að gefa gott yfirlit um hvers er að vænta á árinu 2013. Valinkunnir einstaklingar úr hinum mismundandi geirum félagsins fluttu framsögur. Yfirskrift fundarins var „Hvers er að vænta í einstökum geirum“

- Auglýsingageirinn og markaðsmál: Hjalti Jónsson, framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar og formaður SÍA
- Heilbrigðisvörugeirinn: Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma og formaður FA
- Dagvörumarkaðurinn: Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar
- Upplýsingatækni: Gunnar Guðjónsson, forstjóri Opinna kerfa.

Framsögumenn voru allir bjartsýnir á framtíðina en voru allir sammála að það væru allir að bíða eftir kosningunum í vor.

## 6. febrúar 2013

Opinn félagsfundur var haldinn 6. febrúar á veitingastaðnum Nauthól um „Bótarétt hluthafa- ólögmat lán og hvað svo?“ Þar fluttu Tómas Hrafn Sveinsson hdl. sérfræðingur í skaðabótarétti og Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl. lögmaður Félags atvinnurekenda framsögu. Möguleg bótaskylda háttsemi gagnvart fyrirtækjum var rædd, en þar á meðal vega þyngst ólögmat gengistryggð lán og ýmiss konar afleiðuviðskipti. Einnig var fjallað um skilyrði bótaskyldu, úrræði tjónþola og hvernig tjónþolar eigi að leita efnd á kröfum sínum.



## RAUNFÆRNIMAT FYRIR STARFSFÓLK Í VÖRUHÚSUM/LAGER

Á síðasta ári fór af stað undirbúningsverkefni hjá Mími - símenntun fyrir raunfærnimat starfsmanna á lagerum og vöruhúsum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Félag atvinnurekenda, SVP, VR, Eflingu-stéttarfélag og Vífilfell.

Raunfærnimat hefur verið þróað í mörgum starfsgreinum hér á landi m.a. öllum iðngreinum, verslun og þjónustu, leikskólum o.fl. Matið veitir fólki á vinnumarkaði tækifæri til að fá formlega staðfestingu á reynslu og þekkingu tengda ákveðnu starfssviði. Reynslan hefur sýnt að þátttaka í raunfærnimati hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust og starfsánægju starfsmanna.

Fulltrúar frá Parlogis, Ó. Johnson & Kaaber og S. Guðjónsson voru í faghópi sem deildi reynslu og þekkingu sem nýtist í undirbúningsvinnunni. Verkefnið fólst í því að greina þörf fyrir færni og útbúa út frá því færni viðmið fyrir starfsmenn sem starfa í vöruhúsum/lager.

Nánari skilgreining á störfum í vöruhúsi eða lager miðast við birgðahald, innkaup, vörustjórnun, flutninga, framsetningu og afgreiðslu. Við lok greiningar liggja fyrir mælanlega viðmið sem metin eru á NQF/EQF þrep sem nýtast við raunfærnimat í starfsgreininni og geta einnig nýst við gerð námskrár.



## BOÐIÐ VAR UPP Á EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ:

### Heimasíða sem selur

Leiðbeinendur: Björn Jóhannsson og Jón Trausti Snorrason

### Leitarvélabestun á mannamáli

Leiðbeinendur: Björn Jóhannsson og Jón Trausti Snorrason

### Hraðnámskeið í framsögn og kynningartækni

Leiðbeinandi: Thomas Möller

### Hraðnámskeið í verslunarstjórnun

Leiðbeinandi: Thomas Möller

### 8 lykjar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum

Leiðbeinandi: Margrét Reynisdóttir

### Hraðnámskeið í samningatækni

Leiðbeinandi: Thomas Möller

### Er árangursrík sala góða þjónusta?

Leiðbeinandi: Margrét Reynisdóttir

### Tímastjórnun og vinnuskipulagning

Leiðbeinandi: Thomas Möller



## SÍA 2012

SÍA samband íslenskra auglýsingastofa  
society of Icelandic advertising agencies

Samband íslenskra auglýsingastofa var stofnað árið 1978 og fagnar því 35 ára afmæli í ár. Sjö auglýsingastofur og tvær birtingastofur eru starfandi innan sambandsins. Hjá þessum fyrirtækjum starfa nú tæplega 250 manns í fullu starfi og má af því ráða að þökkalegur vöxtur hafi verið í greininni á síðasta ári en árið 2011 voru að meðaltali 220 stöðugildi hjá sömu fyrirtækjum. Samanlögð velta SÍA stofa árið 2012 var 7.94 milljarðar og jókst um ríflega 13% á milli ára sem verður að teljast vel viðunandi með hliðsjón af ytra umhverfi og aðstæðum í íslensku atvinnulífi.

### Félagsstarfið 2012

Starfsárið var með nokkuð hefðbundnu sniði með tilheyrandi félagsfundum, jólafundi og árhátíð SÍA, en hún var haldin á Hótel Sögu í nóvember. Hátíðin var fjölsótt og vel heppnuð í alla staði.

Nokkur mál komið til athugunar hjá síðanefnd SÍA en einnig hefur fjölmiðlanefnd komið að skoðun og umsögn á nýju frumvarpi til laga um starfsemi Ríkisútvarpsins. Frumvarpið, sem tekur meðal annars til starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði, hefur verið til umfjöllunar á alþingi undanfarið ár. Á félagsfundum komu fram áhyggjur yfir því að frumvarpið fæli í sér þröngri skorður á starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði en æskilegt væri og gæti falið í sér óæskilegar samkeppnishömlur fyrir auglýsendur. Fjölmiðlanefnd SÍA ásamt stjórn fengu það verkefni að koma sjónarmiðum félagsmanna á framfæri við þingnefnd. Var það gert skriflega en einnig fóru fulltrúar SÍA á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að fjalla nánar um málið. Rétt er að nefna að umrætt lagafrumvarp er enn til meðferðar á alþingi.

### Mikil gróska í skapandi greinum á Íslandi

Auglýsingafagið telst til hinna skapandi greina, en þar má einnig telja greinar eins og leikjafundnaðinn, kvikmyndagerð, tónlist, bókmenntir, arkitektúr, vöruhönnun, fatahönnun, leikhús o.fl. Margar þessara greina hafa blómstrað undanfarið ár og því ber að fagna. Á sama tíma er það áminning um að auglýsingastofur eru líka í samkeppni við aðrar skapandi greinar um hæfasta fólk. Því er mikilvægt að skapa spennandi og krefjandi starfsumhverfi, sterka fagimynd og umgjörð fyrir hæfileikaríkt fólk til að vaxa og dafna í starfi. Þannig löðum við að okkur besta fólk og aukum veg og virðingu auglýsingaiðnaðarins.

Auglýsingar eru ekki aðeins mikilvægur þáttur í samfélaginu til að miðla upplýsingum. Góð auglýsingastofa þarf að hafa

innan sinna vébanda starfsfólk með fjölbreytta reynslu, þekkingu og sambönd. Í auglýsingum er hægt að lesa samtímasögu, þær eru að vissu leyti spegill á samtímann, hvernig við upplifum okkur sem einstaklingar og samfélag.

### Ungt fag í örri þróun

Þróunin hefur verið hröð, sérstaklega á undanförunum árum með tilkomu örra tæknibreytinga og algjörra byltingu í samskiptum fólks á netinu. Aðgengi fólks að upplýsingum og tilkoma Facebook, Youtube, Twitter, Instagram og fleiri samfélagsmiðla hefur stóraukið áhrif almennings á ímynd fyrirtækja og gert það að verkum að við störfum í flóknara umhverfi en nokkru sinni fyrr. Í stað örfárra fjölmiðla hefur valdið flust til fólksins. Segja má að almenningur sé hinn nýi fjölmiðill. Í því felast nýjar áskoranir, krafa um aðlögunarhæfni og stöðuga endurnýjun þekkingar. Það er alveg ljóst að auglýsingastofan eftir 10 ár verður talsvert ólík þeirri sem við þekkjum í dag. Því verður spennandi að fylgjast með þróun mála í auglýsingageiranum á Íslandi næstu árin.

## STARFSEMI SAMTAKA FISKFRAMLEIÐENDA OG ÚTFLYTJENDA 2012



Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) er eitt af þremur samstarfsfélögum Félags atvinnurekenda. Samtökin beita sér fyrir frelsi í viðskiptum með fisk og þá sérstaklega að allur fiskur fari á markað. Í tengslum við þá stefnu fékk SFÚ óháðan aðila til að gera skýrslu um áhrif tvöfaldrar verðmyndunar í sjávarútvegi á tekjumyndun sveitarfélaga. Ljóst er af þeirri skýrslu að það er gríðarlegt hagsmunamál bæði fyrir sveitarfélög sem og fyrir sjálfstæða framleiðendur að fiskur fari á fiskmarkaði þar sem hann er seldur á markaðsvirði.

Samtökin hafa jafnframt beitt sér fyrir fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu, sem og bættum samkeppnisgrundvelli í greininni. SFÚ sendi Samkeppniseftirlitinu af því tilefni erindi þann 25. maí 2011 þar sem m.a. var krafist fjárhagslegs aðskilnaðar á milli útgerðar og vinnslu nánar tiltekinna fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið féllst ekki á þá kröfu en beindi hins vegar tilmælum til ráðherra um að laga samkeppnislegan grundvöll á þessu sviði. SFÚ undi ekki þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir að fagna tilmælum SKE til ráðherra, og kærði niðurstöðu SKE til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

## SAMTÖK ÍSLENSKRA FISKIMANNA 2012

Samtök íslenskra fiskimanna (SÍF) eru ung samtök, stofnuð árið 2010 en eru með hátt í 200 félagsmenn. Samtökin eru eitt af þremur samstarfsfélögum Félags atvinnurekenda og standa þeir vörð um hagsmuni fiskimanna. SÍF hafa unnið ötulllega að því að halda stjórnvöldum við efnið í lagasetningu og sporna gegn sérhagsmunagæslu á því sviði. Jafnframt hafa samtökin unnið að afnámi þess meinbugar sem hefur verið á framkvæmd greiðslumiðlunarsjóðs, sem er í andstöðu við félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Ljóst er að sú vinna samtakanna hafði áhrif og löggjafinn sá sig knúinn til að breyta því skipulagi sem verið hefur við lýði.

## STARFSEMI ÍSLENSK-KÍNVERSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS Í BLÓMA.



Starfsemi ÍKV, Íslensk kínverska viðskiptaráðsins var að mestu með hefðbundnu sniði árið 2012. ÍKV var í samstarfi við Deloitte um gerð bæklinga sem gæti verið til leiðsagnar fyrir þá sem hyggja á viðskipti milli Íslands og Kína. Þessu verkefni er ólokið en bæklingnum er ætlað að vera með almennar samskiptaleiðbeiningar. Áramótagleðin þetta árið var haldin í samvinnu við Kínversk-Íslenska menningarfélagið með hátíðarkvöldverði á veitingastaðnum Asíu við Laugaveg, mánudaginn 23. janúar. Hófst þá ár drekans, en það merki núliðandi árs stendur einna fremst meðal jafningja í kínverska hóróskópinu. Í tengslum við opinbera heimsókn forsætisráðherra Kína í apríl ákvað stjórn ÍKV á að framkvæmdastjóri myndi senda bréf til utanríkisráðuneytis til áréttingar á mikilvægi þess að lokið verði við gerð fríverslunarsamnings við Kína. Upplýsingar bárust frá ráðuneytinu um að bréf ÍKV hafi verið mikilvægt innlegg í viðræður ráðuneytisins við kínverska forsætisráðherrann um þetta málefni. Eins og undanfarin ár er útgáfa boðsbréfa og móttaka sendinefnda hefðbundin hluti starfseminnar. Einnig er mikið leitað til ráðsins varðandi fyrirspurnir frá aðilum er hyggja á viðskipti við Kína og eru að leita ýmissa ráða. Mikilvægt er því að halda áfram að byggja upp og viðhalda þekkingu á viðskiptum við Kína og efla miðlun þeirra upplýsinga. Viðskiptaráðið hefur látið setja upp nýja og betri heimasíðu og hefur hug á því að stækka starfsemi sína frekar árið 2013.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA Á ÁRINU 2012

Árið 2012 var að mörgu leyti hagfellt í rekstri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og skiluðu allir eignaflokkar sjóðsins jákvæðri ávöxtun. Áfram var haldið vinnu við uppbyggingu á

innlendu hlutabréfasafni sem skilaði jafnframt góðri ávöxtun. Ávöxtun erlendra eigna sjóðsins var einnig góð. Hún sýnir sig m.a. í því að þrátt fyrir gjaldeyrishöft er vægi erlendra eigna í eignasafni sjóðsins nánast óbreytt frá fyrra ári þó svo að eignasafn sjóðsins hafi vaxið um tugi milljarða milli ára. Þrátt fyrir ýmis góð teikn á lofti í rekstri setja gjaldeyrishöft og takmarkaðir fjárfestingarkostir innanlands áfram mark sitt á rekstrarumhverfi lífeyrissjóða.

Þótt ekki liggi fyrir endanlegt uppgjör fyrir lífeyrissjóðinn þegar þetta er ritað er ljóst að raunávöxtun sjóðsins á árinu 2012 var góð og umfram það ávöxtunarviðmið sem gengið er út frá í tryggingafræðilegu uppgjöri lífeyrissjóða.

Eignasafn lífeyrissjóðsins nemur nú um 400 milljörðum króna og er samsetning þess traust. Af eignum sjóðsins í árslok eru um 30% í ríkistrygðum skuldabréfum, bankainnstæður nema 9%, skuldabréf sveitarfélaga og fyrirtækja 8% og lán til sjóðfélaga 11% en að baki þeim standa rúmlega 7.500 lántakendur auk þess sem lánin eru tryggð með veði í fasteign. Erlend verðbréf nema um 29% eigna og eru þau í eignastýringu hjá traustum erlendum fjárvörsluaðilum sem fjárfesta í vel áhættudreifðum alþjóðlegum hlutabréfasóðnum. Innlend hlutabréf nema um 12% af eignum og var sá eignaflokkur sem skilaði hvað bestri ávöxtun.

Fjöldi greiðandi sjóðsfélaga á liðnu ári var rúmlega 48 þúsund og hafði fjölgað lítillega frá fyrra ári. Iðgjöld til sjóðsins námu um 18 milljörðum en greiddur lífeyrir til lífeyrisþega nam um 8 milljörðum til um 11.000 lífeyrisþega.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er metin árlega samhlíða gerð ársreiknings. Í árslok 2011 var tryggingafræðileg staða neikvæð um 2,3%. Slíkur munur á eignum og skuldbindingum er vel innan lögbodinna marka og kallar því ekki á breytingu lífeyrisréttinda.

Staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er traust. Á næstu misserum verður áfram lögð áhersla á að byggja upp innlent hlutabréfasafn, eftir því sem markaðsaðstæður leyfa, sem og að gæta að sem bestri áhættudreifingu eignasafnsins.

Fulltrúar Félags atvinnurekenda í stjórn

Birgir S. Bjarnason og Guðný Rósa Þorvarðardóttir (varamaður) tóku við stjórnarsetu í Lífeyrissjóði verzlunarmanna 2012.

## FJÁRFESTINGASJÓÐUR STÓRKAUPMANNA

Fjárfestingarsjóður stórkaupmanna (FS) var stofnaður árið 1970 og hlutverk hans hefur verið að tryggja sjóðsfélögum aðgang að lánnum til hvers konar fjárfestinga á sviði viðskipta eða verslunar. FS hefur á þessum tíma verið mörgum aðildarfyrirtækjum FA öflugur fjárhagslegur bakhjarl.

FS hefur frá fyrsta degi haft milligöngu um fjárfestingarlán frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna til félagsmanna sinna. Lán þessi eru veitt gegn veði í fasteign og eru til allt að 20 ára. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér kosti þessara lána hjá skrifstofu FA.

Í stjórn FS eru Arnar R. Birgisson formaður, Stefán S. Guðjónsson, Benedikt E. Gunnarsson, Guðmundur Sigtryggsson, Ólafur Ó. Johnson.

## AÐALFUNDUR 2012

Aðalfundur Félags atvinnurekenda árið 2012 var haldinn 9. febrúar í fundarsal Nauthóls í Reykjavík. Fyrir aðalfundinn var haldinn opinn félagsfundur þar sem yfirskrift fundarins var „Tækifæri fyrirtækja og hvernig þau geta skapað sér ný tækifæri.“ Fundarstjóri var Hanna Katrín Friðriksson og gestir fundarins voru Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra, Svava Bjarnadóttir fjármálastjóri Mannvits, Andri Már Kristinsson framkvæmdastjóri Kansas, Sigurður Hjaltalín yfirmaður samfélagsmiðladeildar Íslensku auglýsingastofunnar og Guðmundur Arnar Guðmundsson markaðsstjóri Wow air.

Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra ávarpaði salinn í upphafi fundar. Talaði hún meðal annars um efnahagsbata Íslands frá hruninu, að hann hefði verið betri en bjartsýnasta fólk hefði þorað að vona. Einnig fór hún inn á atvinnumál og ræddi um mikilvægi þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu hér á landi.

Svava Bjarnadóttir flutti erindið „Tækifærin á tímum breytinga. Dæmisaga um góðan rekstrarárangur þrátt fyrir efnahagshrunið.“ Þar rakti hún síðustu ár í rekstri Mannvits og sagði frá því hvernig þeim hefði tekist að ná einu albasta rekstrarári í sögu félaganna árið 2011, aðeins 3 árum eftir hrunið.

Lögmaður FA, Páll Rúnar M. Kristjánsson hélt næst erindi þar sem hann fjallaði um opinber innkaup og um hve mikla þýðingu þetta hefur bæði fyrir ríkið og hinn almenna markað. Hann ræddi almennt um gildissvið laga um opinber innkaup og möguleikana á því að ná aukinni samkeppni og hagræðingu. Ein leiðin til að auka samkeppni er að lækka viðmiðunarfjárhæð hjá sveitarfélögum og auka því tíðni þeirra innkaupa sem falla undir lög um opinber innkaup. Önnur leið er rafræn innkaup sem hefur gefið mjög góða raun í Evrópu.

Seinni hluti opna fundarins bar yfirskriftina „Ný tækifæri í markaðssetningu“ og var fyrstur til að flytja erindi sitt Andri Már Kristinsson framkvæmdastjóri Kansas. Hann fór í gegnum þróun auglýsingamiðla en síðustu 10-15 ár hafa hlutirnir breyst mjög hratt. Hann talaði um hve mikil

þróun er á markaði snjallsíma. Andri benti á þá staðreynd að Íslendingar séu farnir í auknum mæli að versla á netinu og séu farnir að treysta netinu. Hann taldi að mikil tækifæri lægju þar fyrir íslensk fyrirtæki og markaðssetningu þeirra.

Sigurður Hjaltalín yfirmaður samfélagsmiðladeildar Íslensku auglýsingastofunnar flutti erindið „Markaðssetning og samfélagsmiðlar – dæmi frá Inspired by Iceland.“ Sigurður taldi að fyrirtæki gleymi því oft hvaða áhrif samfélagsmiðlar hafa og hvaða gagn þeir hafa. Markmiðið með nýtingu þeirra er markaðssetning og almannatengsl og tengjast þannig neytendum sínum. Hann benti á að þegar fyrirtæki fara að nýta sér samfélagsmiðla og almannatengsl þá eykst umtalið á vöru þeirra. Hann talaði um að samfélagsmiðlar séu ný tegund miðla og því ný tækifæri sem standa til boða. Í lokin taldi hann upp fjórar aðgerðir sem fyrirtæki þurfa að hafa í huga þegar kemur að markaðssetningu á samfélagsmiðlum. Fyrst þarf að skilgreina mælanleika og markmið. Því næst huga að innleiðingu samfélagsmiðlanna í starfsemi fyrirtækisins, skilgreina ábyrgðarmenn og að lokum skipuleggja aðgerðir fram í tímann.

Síðasti ræðumaður fundarins var Guðmundur Arnar Guðmundsson markaðsstjóri Wow air. Erindi hans bar nafnið „Wow upplifanir og samfélagsmiðlar.“ Hann byrjaði á því að kynna hið nýja flugfélag og kynnti svo leið Wow air í markaðssetningu. Hann benti á það að mjög mikilvægt er að skilgreina markhópin sinn vel og finna hvar hann er staðsettur áður en samfélagsmiðill er valinn. Markmið samfélagsmiðla er að hlusta og læra af viðskiptavinum sínum, spjalla við neytendur, aðstoða og hvetja fólk til að dreifa vörunni sinni.

Að loknu erindi Guðmundar opnaði fundarstjóri fyrir spurningar og fóru almennar umræður í gang. Því næst var boðið til veitinga og góðum fundi var slitið.

